



SHALDÖR

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Rafgeymar og vatnskassar



Óveður truflaði

Elding raskaði frumsýningu á söngleiknum Hrekkjusvínunum.

fólk 30



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

18. október 2011


243. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

10

ÁRA

2001 - 2011



Hætta að sukka

Jökull og Magnús skipuleggja lífsstílsátakið Meistaramánuðinn.

fólk 30

Framsækinn arkitektúr

Pétur Ármannsson talar um byggingarlist í Garðabæ í nýrri fyrirlestraröð í Hönnunarsafni Íslands.

menning 22




Snæfell lagði KR

Njarðvík, Snæfell og Stjarnan eru öll á sigurbraut í körfunni.

sport 26

veðrið í dag



HVASST SA-TIL fram eftir degi annars víða norðan 5-10 m/s. Él NA-lands en annars úrkomulítið og bjart. Svalt í veðri.

VEDUR 4

DVÍTAMÍN

frá NOW fyrir börn og fullorðna



Svigrúm banka til afskrifta lána er að mestu uppuríð

Svigrúm banka til afskrifta á einstaklingslánum að mestu uppuríð. Borð fyrir báru í Landsbankanum. Bankastjórar stóru bankanna á nefndarfundum á Alþingi í gær. Afsláttur af eignasöfnum mjög mismunandi.

EFNAHAGSMÁL Bankarnir telja sig vera að mestu búna með svigrúm til afskrifta á lánum til einstaklinga. Landsbanki Íslands telur sig eiga nokkurt svigrúm eftir, en hjá Arion banka er það nýtt til fulls, að mati stjórnanda. Bankastjórar stóru bankanna þrígga mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. Þeir sátu fyrir svörum þingmanna og samkvæmt heimildum blaðsins var að mestu rætt um hagnaðartölur bankanna. Stjórnarnir svöðu því til að þær skýrðust mestan part af uppreikningum á eignasöfnum. Þá var mikið spurt um skuldaúrvinnslu gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segist geta staðfest að bankinn sé búinn að nýta allt það svigrúm sem hann hefur gagnvart einstaklingum. Erfiðara sé að henda reiður



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

á því sem snýr að fyrirtækjum. „Það er allt öðruvísi nálgun á það. Mörg félög sem við tókum yfir voru einfaldlega bara gjaldþrota og einskis virði og þá var verulegur afsláttur af því.“ Höskuldur segir þingmenn einnig hafa spurt um muninn á bönkunum. „Þeir hafa áttað sig á því að Arion banki hefur fengið minnstu afslættina. Það virðist ljóst að Arion banki hefur tekið yfir þessi lánasöfn með minni afslætti en hinir bankarnir,“ segir Höskuldur. Af íbúðalánum hafi afsláttur hjá Arion banka verið 21 prósent. „Það er búið að spila því öllu út og riflega það.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins spurðu

þingmenn einnig út í afskriftir hjá stórum fyrirtækjum og hvers vegna sjávarútvegsfyrirtæki skæru sig úr með það að skuldum hefði ekki verið breytt í hlutafé við afskriftir. Lítil svör hafi fengist við því, önnur en að farið væri eftir eðlilegum leiðum við afskriftir. Þá kom einnig fram að minnst svigrúm hefði verið til afskrifta varðandi íbúðalán hjá bönkunum, mun minna en á lánum til fyrirtækja. Enn væri nokkurt svigrúm til afskrifta hjá fyrirtækjum. Nefndarmenn báðu um skrifleg svör varðandi svigrúm til afskrifta sem og varðandi hlutfall endurmats lánasafna í hagnaði bankanna. Þess má geta að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sett af stað starfshóp til að meta svigrúm bankanna til afskrifta.

- kóp



SKIPULAGT Í PAULA Þrír grímuklæddir menn vopnaðir byssum rændu verslun úrsmiðsins Franks Michelsen í gærmorgun. Tvær eftirlitkingar af skotvopnum fundust en vitni fullyrða að skothvellir hafi heyrst. Ræningjarnir, sem voru ófundnir í gærkvöldi, voru vel skipulagðir og notuðust við þrjá stolna bíla. **Sjá síðu 6.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dr. Marie M. Fortune verður á málþingi á vegum Þjóðkirkjunnar í dag:

Gæti verið best að biskup viki

ÞJÓÐKIRKJAN „Þegar leiðtogi innan kirkjunnar nýtur ekki lengur trausts fólksins í tengslum við svona erfið mál, gæti verið best að hann stigi til hliðar. Þá verður nýjum leiðtoga veitt tækifæri til að endurverkja það traust sem er svo mikilvægt,“ segir Dr. Marie M. Fortune, einn helsti sérfræðingur heims í kynferðisbrotum innan trúfélaga, spurð um stöðu Karls Sigurbjörnssonar biskups Íslands.

Fortune er nú stödd hér á landi til þess að halda málþing og námskeið fyrir starfsfólk kirkjunnar um viðbrögð við kynferðisbrotum innan stofnunarinnar. Fortune segir sögu íslensku kirkjunnar

„Kirkjurnar okkar geta náð sér aftur á strik eftir ofbeldi presta, ef það er stutt við þolendur og ofbeldismennirnir dregnir til ábyrgðar, líkt og á að gera.“

DR. MARIE M. FORTUNE

Því miður alls ekkert einsdæmi og mörg önnur lönd hafi svipaðar sögur að segja af leiðtogum innan sinna kirkna, eins og þekkt er orðið.

„Kirkjurnar okkar geta náð sér aftur á strik eftir ofbeldi presta, ef það er stutt við þol-

endur og ofbeldismennirnir dregnir til ábyrgðar, líkt og á að gera,“ segir hún. „Það er hægt að ráða fram úr því þegar einstaka prestar verða vísir að trúnaðarbresti, en það sem er ekki hægt að kljást við eru svik kirkjunnar sem stofnunar. Það eru þau svik sem eru að hrekja fólk burt úr kirkjunni.“

Guðrún Ebba Ólafsdóttir og dr. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur við Landspítala og fyrrum nefndarmaður í rannsóknarnefnd kirkjuþings, verða meðal fyrirlesara á málþinginu í dag, sem verður í Háskóla Íslands frá klukkan 10 til 13.

- sv / sjá síðu 10

Væntingar um álver að engu: Kemur ráðherra ekki á óvart

ÍÐNAÐUR Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir ákvörðun Alcoa um að hætta við álver á Bakka ekki koma sér á óvart. Í sama streng tekur Hörður Arnarsson forstjóri Landsvirkjunar.

Alcoa á Íslandi tilkynnti í gær að álver á Bakka verði ekki reist. Ástæðan er að nægileg orka á ásættanlegu verði, sem var frumforsenda verkefnisins allt frá upphafi, er ekki í boði.

Heimamenn lýsa yfir miklum vonbrigðum en Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir að markmiði sveitarfélagsins sé óbreytt; að skapa sex til átta hundruð störf í Þingeyjar-sýslum.

Forstjóri Landsvirkjunar segir viðræður í gangi við fimm fyrirtæki um orkukaup en ljóst hafi verið í töluverðan tíma að Alcoa væri ekki lengur inni í myndinni.

- shá / sjá síðu 4



Kringlan

Opið 10–18.30

Nýtt kortatímabil



Stefán, er lífið lotterí?

„Já, ef heppnin er með.“

Allt stefnir í næsthesta vinning sögunnar í Víkingalottóinu á miðvikudag. Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár, segir Íslendinga alltaf hafa verið stórpottasækna þjóð, en fyrsti vinningur á miðvikudag er 1,8 milljarðar króna.

Tveir menn í gæsluvarðhaldi:

Grunaðir um nauðgun í bíl

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn, af erlendu bergi brotnir, hafa verið úrskurðaðir í vikulengt gæsluvarðhald eftir að kona kærði þá til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir nauðgun á sunnudagsmorgun. Mennirnir eru um þrítugt og konan á svipuðum aldri.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var konan stödd í miðbæ Reykjavíkur á leiðinni heim þegar þeir tóku hana upp í bíl sinn og beittu hana síðan ofbeldi.

Konan fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Fossvogi. Mennirnir voru handteknir í Kópavogi á sunnudagsmorgun, þar sem þeir voru saman í bíl.

- jss

Greiðir krabbameinssjúkum:

Nýtir reynslu sína af hármissi á nýrri stofu

FÓLK Sigríður Einarisdóttir hárgreiðslumeistari hefur opnað hárgreiðslustofu þar sem áhersla er lögð á alhliða þjónustu við konur sem misst hafa hárið vegna krabbameinsmeðferðar. Sigríður hefur sjálf glímt við bráðahvítblæði og þekkir hármisinn af eigin raun.

„Þetta byrjaði á því að konur í krabbameinsmeðferð fóru að koma til mín og biðja mig um aðstoð þegar þær fóru að missa hárið. Ég ákvað í framhaldi af því að opna stofu þar sem ég gæti þjónustað þennan hóp almennilega. Ég vissi það líka af eigin reynslu að maður treystir fólki mun betur ef það hefur sömu reynslu að baki og maður sjálfur,“ segir Sigríður.

- fsb / sjá allt í miðju blaðsins



SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR

Hvergerðingar sætta sig ekki við skjálftavirkni af mannavöldum á Hellisheiði:

Krafa um að dælingu verði hætt

ORKUMÁL Hvergerðingar krefjast þess að niurdælingu jarðhita-vökva frá Hellisheiðarvirkjun verði hætt, sagði Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hún var þá stödd á fjölmennum íbúafundi á Hótel Örk sem Orkuveita Reykjavíkur efndi til. Tilefnið eru skjálftahrinur síðustu vikna sem hafa valdið íbúum í Hveragerði óþægindum og ugg.

Fundurinn stóð enn þá sem hæst þegar Fréttablaðið fór í prentun en Aldís sagði jafnframt að forsvarsmenn OR bæru fyrir sig kvaðir í



JARÐSKJÁLFTAR EKKERT NÝTT Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir jarðskjálfta af mannavöldum ólíðandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

starfs- og virkjanaleyfi Hellisheiðarvirkjunar en þar er gert að skilyrði að dæla skuli affallsvatni

virkjunarinnar niður fyrir 800 metra dýpi ofan í jarðhitakerfið. Það á að efla sjálfbærni auðlinda-nýtingarinnar.

Á fundinum var kynnt ný samantekt jarðvísindamanna um skjálftavirknina en úttektin var gerð að frumkvæði iðnaðarráðuneytisins.

Skjálftahrinurnar hófust 8. september og frá þeim tíma hafa mælst um 1.900 skjálftar. Af þeim hafa 26 mælst frá 2,5 til 3,8 á Richter sem flestir hafa fundist greinilega í Hveragerði og þeir stærstu einnig á höfuðborgarsvæðinu.

- shá



GYÐA OG UNNUR ARNÓRSÐÆTUR Ekkert var til sparað. Íbúar, starfsfólk og ættingjar tóku höndum saman og settu saman glæsilegar sýningar á öllum hæðum.

MYNDIR/STARFSFÓLK SÓLTÚNS



KJÓLAR ÚR REYKJAVÍK Sumar kvennanna eiga enn kjóla sem settu svip sinn á samkvæmislífið í höfuðborginni laust fyrir miðja síðustu öld.

Fortíðin lifnaði við á Íslandsviku í Sóltúni

Íbúar, ættingjar og starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Sóltúns tóku höndum saman á íslenskri þemaviku. Heimilið var skreytt gömlum munum og gamaldags íslenskur sælkeramatur sló rækilega í gegn. Gjöfulir dagar segir forstöðukonan.

FÓLK „Það er ótrúlega gefandi og gaman að bregða svona á leik,“ segir Anna Birna Jensdóttir, forstöðumaður Hjúkrunarheimilisins Sóltúns, þar sem Íslenskir dagar voru á dagskrá í síðustu viku.

Sóltúnsheimilið var skreytt hátt og lágt með íslenskum munum. Ýmis þemu voru í gangi á hinum ýmsu hæðum og göngum. Til dæmis var Reykjavík fimmta áratugarins gerð skil á einum stað og Vestmannaeyjar voru í öndvegi á öðrum stað. Tónlistarfólk kom í heimsókn og íslensk matarmenning liðinna daga í hávegum höfð. Áður hafa meðal annars verið Franskir dagar og Tékkneskir

dagar í Sóltúni sem gert hafa mikla lukku.

„Það myndast samvinna milli íbúa, ættingja og okkar starfsfólksins. Það er alveg ótrúleg hugmyndaauðgi sem kemur frá fólki,“ segir Anna Birna.

Meðalaldur íbúanna á Sóltúni er 84 til 85 ár. „Fólk kom með alls kyns leikföng og muni frá því að það var ungt og endurminningarnar streymdu fram. Það spruttu upp leiðbeiningar til okkar unga fólksins um það hvernig þessir hlutir voru notaðir og þetta hefur verið mjög gjöfult og skemmtilegt,“ segir forstöðumaðurinn.

Rúsínan í pylsuendanum var

maturinn sem var á boðstólum. Sá þáttur náði hátindi með hátíðarkvöldverði í lok íslensku daganna.

„Við vorum með hefðbundinn íslenskan mat; til dæmis siginn fisk, saltfisk og gellur og sveskju-fyllt lambalæri sem fólk hafði mikla ánægju af. Það var gamla góða bragðið sem fólkið mundi eftir. Síðan var fineri eins og sérri-frómas,“ lýsir Anna Birna sem kveður þó sviðakjammanna hafa slegið hvað rækilegast í gegn.

„Fólkinu leiddist ekki að fá kjamma í hendurnar. Það var alveg upplifun að sjá hversu ánægt fólkið var,“ segir Anna Birna Jensdóttir.

gar@frettabladid.is

Matvæladagur á Nordica:

Rætt um þang og fiskisósur

VÍSINDI Íslenskar fiskisósur og þörungar eru meðal þess sem verður til umfjöllunar á Matvæla-degi Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, sem hefst klukkan tólf í dag á Hilton hótél Nordica.

Fulltrúar Mátis munu velta fyrir sér möguleikanum á markaðssetningu íslenskra fiskisósa í Asíu og hvort heilsumatvælaíðnaður úr þörungum og þangi geti velt milljörðum. Þá spyr prófessor í næringarfræði hvort nauðsynlegt sé að D-vítamínþæta íslenskan mat.

- sh

18 mánaða fangelsi:

Fangaði þrettán þúsund fugla

SVÍPJÓÐ Dómstóll í Hudiksvall í Svíþjóð hefur dæmt miðaldra karlmann í átján mánaða fangelsi fyrir ofbeldi gegn dýrum og brot á lögum um veiðar þar sem hann hafði fangað 13 þúsund villta fugla.

Maðurinn fékk áhuga á fuglum á unga aldri en áhugamálið fór úr böndunum fyrir nokkrum árum. Hann færði inn í tölvu lista yfir alla fuglana sem hann hafði veitt á fimm ára tímabili.

Í bílskúr mannsins og geymslu við hús hans fundust egg og 400 fuglar, lifandi og dauðir. Sumir voru í búrum en aðrir flugu um. Hinn dæmði kvaðst ekki hafa ætlað að vinna fuglunum mein.

- ibs



MJÖG HVASST Bílnum var leyft að liggja í gær enda þótti of hvasst til að reisa hann við.

MYND/RYRIAM MARTI

Ökumaður slapp án meiðsla:

Vörubíll valt í hífandi roki

SLYS Ökumaður vörubíls var fluttur til aðhlynnningar á heilsugæsluna á Selfossi í gær eftir að bíll hans valt í hífandi roki undir Ingólfsfjalli. Maðurinn reyndist þó lítið meiddur.

Aftan í vörubílnum var tengivagn sem í voru hreinlætisvörur. Óvíst var með skemmdir á bílnum í gær en ekki stóð til að reyna að koma honum upp á veg að nýju fyrr en mundi lægja.

Mjög hvasst var á svæðinu í gær en að sögn lögreglu urðu ekki önnur teljandi óhöpp vegna þess, þótt stöku þakplötur og trampólín hafi tekist á loft.

- sh

Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson fyrir dómi:

Segjast saklaus af skattalagabrotum

DÓMSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir systir hans, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, neituðu öll sök í skattahluta Baugsmálsins þegar aðalmeðferð þess hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ákæran er ítarleg og ná meint brot allt til ársins, 1998 eða sama árs og Baugur var stofnaður.

Þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva er meðal annars gefið að sök að hafa vantalið skattskyldar tekjur sem þeir fengu fyrir störf sín hjá Baugi. Meðal annars er þeim gefið að sök að hafa ekki gert grein fyrir tekjum sem þeir fengu í formi líftryggingariðgjalda og bifreiðahlunninda. Kristín Jóhannesdóttir var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., sem var í eigu þeirra systkina og fjölskyldu þeirra. Kristín er meðal annars ákærð fyrir að hafa skilað



Í DÓMSMÁL Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, og Jakob R. Möller verjandi bera saman bækur sínar í Héraðsdómi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

röngu skattframtali fyrir félagið og vantalið skattskyldar tekjur sem framkvæmdastjóri félagsins. Skýrslutökum yfir sakborningunum er lokið, en gert er ráð fyrir að aðalmeðferð málsins taki þrjá

daga. Í dag munu vitni koma fyrir réttinn. Þeirra á meðal er Stefán Hilmarsson sem var endurskoðandi fyrir Fjárfestingarfélagið Gaum og varð síðar fjármálastjóri Baugs.

- jhh



TILBOÐ 695 KR

Voltaren® Dolo 25 mg
Diclofenac. kal.
Verkjastillandi og bólgueyðandi

20 hliðar töflur

Voltaren Dolo

á aðeins 695 kr. pakkinn til 15. nóvember

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAUVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAUVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Það er alltaf nóg að gera!

Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.

Við vitum að engin tvö fyrirtæki eru eins og leggjum því áherslu á sveigjanleika og breidd í þjónustu. Við byggjum á reynslu og þekkingu á þörfum viðskiptavina okkar – stórra sem smárra. Þannig færð þú eitt uppgjör yfir alla kortaveltu hjá okkur sem veitir betri yfirsýn.

Með Borgun getur þú tekið við öllum helstu greiðslukortum heims og verður því ekki af viðskiptum. Mikilvægast er þó að þjónustan er örugg og dagurinn gengur hratt og vel fyrir sig. Þannig gerum við vinnu viðskiptavina okkar eins auðveldar og hægt er.



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

GENGIÐ 17.10.2011		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	115,28	115,84
Sterlingspund	181,60	182,48
Evra	159,13	160,03
Dönsk króna	21,372	21,498
Norsk króna	20,578	20,700
Sænsk króna	17,399	17,501
Japanskt jen	1,4914	1,5002
SDR	181,54	182,62
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
214,3515		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Um 700 fluttu af landi brott: Flestir fluttu til Norðurlanda

SAMFÉLAGSMÁL Brottluttlitir Íslendingar á þriðja fjórðungi ársins voru 690 talsins. Brottluttlitir erlendir ríkisborgarar voru 160 fleiri en þeir sem fluttu til Íslands. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Noregur var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara, en þangað fluttust 590 manns á þriðja ársfjórðungi. Til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar fluttust 1.380 íslenskir ríkisborgarar af 1.730 alls. Af þeim 1.000 erlendu ríkisborgurum sem fluttust frá landinu fóru flestir til Póllands, eða 360 manns.

Hrafnseyrarheiði ófær: Snjóflóð féll á Vestfjörðum

SAMGÖNGUR Snjóflóð féll á Hrafnseyrarheiði snemma á föstudag. Heiðin hefur verið lokuð síðan, líkt og greint er frá á fréttavef Bæjarins besta. Nokkuð algengt er að snjóflóð falli á heiðinni, en hún er oft erfið yfirferðar á veturna og gjarnan ófær um langa hríð.

HALDIÐ TIL HAGA

Í gagnrýni Fréttablaðsins um tónleika í Hafnarhúsinu á föstudaginn kom fram að hljómurinn hefði verið slæmur. Gagnrýnandi mætti þegar tónleikar Dungen voru að hefjast þannig að gagnrýnin átti vitanlega ekki við tónleika sveitanna sem stígu á svið á undan Dungen.

LEIÐRÉTT

Gagnaver Verne Global að Ásbrú er ekki fyrsta gagnaverið hér á landi og ekki fyrsta gagnaverið sem ekki mun gefa frá sér gróðurhúsalofttegundir eins og ranghermt var í blaðinu í gær.

Þingflokkur Framsóknar lagði fram tillögur um atvinnumál og efnahagsmál:

Framsóknarmenn vilja Plan B

STJÓRNMÁL Framsóknarmenn vilja einfalda skattkerfið og leggja af þrepaskiptan tekjuskatt og afnema sérreglur. Þetta kemur fram í tillögum flokksins, sem kynntar voru í gær.

Þingflokkur Framsóknarflokksins hefur lagt fram tvær þingsályktunartillögur og kynnt eina til viðbótar sem lögð verður fram í vetur. Þingsályktunartillögur um sókn í atvinnumálum og um stöðugleika í efnahagsmálum hafa þegar verið lagðar fram. Þingmenn vilja að óvissu um skuldir heimila og fyrirtækja verði eytt,



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Þingflokkur Framsóknarflokks kynnti tillögur í efnahags- og atvinnumálum í gær.

hafið verði átak í opinberum framkvæmdum og verðtrygging verði afnumin í skrefum. Framsóknarmenn vilja einnig að framtíðarmöguleikar í gjaldmiðlamálum verði skoðaðir í þverpólitískri samvinnu og að gerð verði áætlun um sterkari peningastefnu.

Þá vill þingflokkurinn að gripið verði til aðgerða til að greiða fyrir fjölgun starfa, styðja við hagvöxt og auka velferð og efla stöðugleika í efnahagsmálum. Í vetur verður svo lögð fram þriðja þingsályktunartillagan, um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar.

Þýska þingið íhugar löggjöf: Þýsk fyrirtæki heita jöfnuði

ÞÝSKALAND, AP Ágreiningur er á þýska þinginu um hvort setja eigi lög, sem skylda fyrirtæki til þess að hafa nokkurn veginn jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnum og öðrum ráðandi stöðum fyrirtækja.

Hálft ár er liðið síðan Angela Merkel, kanslari landsins, sagði Þýskaland standa langt að baki öðrum vestrænum löndum þegar kæmi að hlutfalli kvenna í stjórnunarstöðum. Þrjátíu stærstu fyrirtæki landsins hétu því í gær að fjölga konum í efstu stöðum fyrirtækjanna á næstu fimm árum.

Álverið á Bakka blásið af

Alcoa er horfið frá áformum um byggingu og rekstur álvers á Bakka. Snúum okkur að öðru, segja heimamenn. Ákvörðunin kemur iðnaðarráðherra og forstjóra Landsvirkjunar ekki á óvart.

IÐNAÐUR Alcoa á Íslandi mun ekki byggja álver á Bakka eins og stefnt hefur verið að sex undanfarin ár. Ástæðan er að nægileg orka á ásættanlegu verði, sem var frumforsenda verkefnisins allt frá upphafi, er ekki í boði, að mati fyrirtækisins.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, segir þær forsendur sem lágu verkefninu til grundvallar í upphafi séu brostnar. Landsvirkjun telji sig ekki geta tryggt nema helming þeirrar orku sem gengið var út frá að fengist til verkefnisins, auk þess sé afhendingartími þeirrar orku sem nú býðst of langur til þess að af fjárfestingu á annað hundrað milljarða króna geti orðið.



HÖRÐUR ARNARSON **TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**

átta hundruð störf hér í Þingeyjar-sýslum.

Bergur, spurður um hvað hafi ráðið mestu um að Alcoa sé nú hætt við framkvæmdir, minnir á ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra um að framkvæmdir færu í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum sem hafi tafið verkefnið um tvö ár og þrjá mánuði. Matsferlinu lauk í nóvember 2010.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að ákvörðun fyrirtækisins hafi ekki komið sér á óvart. „Þetta hefur lengi legið í loftinu og þess vegna höfum við ákveðið að ræða við fimm önnur fyrirtæki um orkunýtingu.“ Hörður vill ekki gefa upp hvaða fyrirtæki rætt hefur verið við né hvaða hugmyndir um orkuverð hafi verið ræddar. Hann segir ekkert hæft í því að öðrum fyrirtækjum hafi verið boðið lægra verð en Alcoa og það hafi eitthvað með ákvörðun Alcoa að gera um að hætta við álver á Bakka.

„Það sem öllu skiptir er að við vitum ekki hvað er mikil orka þarna. Alcoa vill allt sem grunnmælingar hafa sýnt, eða 400 MW, og jafnvel meira. Við höfum sagt að sá sem vill nýta orkuna þarf að setta sig við helminginn af því og óvissu um framhaldið.“

svavar@frettabladid.is



FJARÐAÁL Í REYÐARFIRÐI Alcoa áformaði að byggja álíka stórt álver við Húsavík og Fjarðaál. Um fimm þúsund ársverk hefðu komið til við byggingu versins. Gert var ráð fyrir að á bilinu 650 til 900 störf hefðu skapast og vinnuaflið að mestu komið frá Húsavík og næstu þéttbýliskjörnum.

MYND/ALCOA

Alcoa nýtti ekki forskotið á aðra

Viðbrögð Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra við yfirlýsingu Alcoa í gær eru að ákvörðunin hafi ekki komið sér á óvart. Ákvörðunin skýri línurnar og nú sé að ljúka viðræðum við önnur fyrirtæki sem áhuga hafa á að nýta orkuna til atvinnuuppbyggingar. Hún telur ekki aðalatriði hvaða fyrirtæki það verður svo lengi sem regluverkinu í landinu sé fylgt, umhverfismál séu í hávegum höfð og störf skapist fyrir fólkið á svæðinu.

Katrín segir að Alcoa hafi um árabíl haft mikið forskot á aðra til að nýta orkuna sem þar er. Væntingar fyrirtækisins fari hins vegar ekki saman við hugmyndir Landsvirkjunar um hversu hratt er hægt að afhenda orkuna eða hversu mikið.

Hún telur langsótt að gagnrýna stjórnvöld vegna ákvörðunar Alcoa. Sameiginlegt umhverfismat hafi vissulega tafið verkefnið en það standist ekki skoðun að það hafi haft áhrif á verkefnið frekar en að viljayfirlýsingar voru ekki endurnýjaðar árið 2009. Hún segir að alþjóðlegt stórfyrirtæki hljóti að þola samkeppni frá minni aðilum, sérstaklega í ljósi þess hversu mikils forskots það hafi notið um árabíl. Hins vegar virðist það hafa flýtt fyrir ákvarðanatöku Alcoa að öðrum fyrirtækjum var hleypt að mögulegri nýtingu landgæða á Norðurlandi.

- shá / kóp

15%afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk. Nú kr. 4.280.-

Tilboðið gildir til 31. október n.k.

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	20°
Berlín	16°
Billund	11°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	26°
London	14°
Mallorca	23°
New York	17°
Orlando	26°
Ósló	10°
París	15°
San Francisco	22°
Stokkholmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.

Elisabet Margeisdóttir
veður-fréttamaður

GENGUR Í SUNNANÁTT á landinu á morgun, fremur hæga og hlýnar smám saman í veðri. Þykkvar upp suðvestanlands síðdegis og má búast við rigningu eða slyddu annað kvöld.

Á MORGUN
3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s.

etta er
rétti
andinn



Fleiri leiðir til að hafa samband

Við kynnum nýjar leiðir til að kynnast
einstökum þjónustuanda Vodafone



Nýttu þér Netspjallið á
vodafone.is til að ræða
við þjónustufulltrúa okkar



Á Mínum síðum á
vodafone.is ert þú með
allar þínar upplýsingar á
einum stað

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is



Vopnað rán á Laugavegi

Paulskipulagðir á þremur bílum

Þrír grímuklæddir menn vopnaðir byssum rændu fókdyrum Rolex-úrum úr verslun Michelsen úrsmiða í gær. Frank Michelsen segist viss um að skoti hafi verið hleypt af. Ránið var paulskipulagt og svo virðist sem ræningjarnir hafi notast við þrjá stolna bíla.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan leitaði enn í gærkvöldi þriggja manna sem frömdu vopnað rán í verslun Michelsen úrsmiða á ellefta tím-anum í gærmorgun. Ræningjarnir ógnuðu starfsfólki í versluninni með byssum og komust undan með talsvert af dýrum armbandsúrum.



FRANK MICHELSEN

Mennirnir komu inn í verslunina skömmu eftir opnun. Þeir ógnuðu starfsfólkinu með byssum og skipuðu því á ensku að leggjast á gólfið. Frank Michelsen úrsmiður var staddur í versluninni í gærmorgun ásamt syni sínum og konu sem starfar í búðinni. Hann telur víst að hleypt hafi verið af einhvers konar skoti inni í búðinni á meðan starfsfólkið lá á gólfinu. Frank telur að það hafi verið gert til að ógna þeim enn frekar. Starfsfólk í nálægum verslunum sagðist í samtali við Fréttablaðið einnig hafa talið sig hafa heyrt skothvelli.




Það er alveg ljóst að þetta var ekki ákveðið yfir kaffibolla.

FRANK MICHELSEN
ÚRSMIDUR

Mennirnir brutu upp skápa með bareflum og tóku aðeins armbandsúr frá Rolex, Tudor og Michelsen. Úrin kosta allt að eina og hálfa milljón hvert. Að sögn Franks tóku mennirnir öll þau Rolex-úr sem þeir náðu í. Tjónið er því mikið, þótt hann vilji ekki nefna neina upphæð. „Svo er tjónið sem verður þegar glerið hrynur ofan á aðrar vörur.“

Mennirnir huldu andlit sín að sögn Franks. Hann segir þá hafa verið með einhvers konar klúta upp að augum og með húfur og hettur til að hylja efri hluta andlitsins. Að loknu ráninu, sem tók aðeins um mínútu að mati Franks, hlupu mennirnir upp á Vegamótastíg og óku í burtu. Frank sagði ránið augljóslega hafa verið paulskipulagt. „Það er alveg ljóst að þetta var ekki ákveðið yfir kaffibolla,“ segir hann.

Samkvæmt heimildum Frétta-



Þrír bílar notaðir á paulskipulagðan hátt

Þrír stolnir bílar virðast hafa verið notaðir við ránið í gærmorgun. Mennirnir komu á einum þeirra í gærmorgun og skildu hann eftir í gangi á Vegamótastíg þegar þeir fóru og rændu verslunina. Þeir óku svo á brott á öðrum sem geymdur hafði verið í götunni yfir nótt. Sá fannst við Smáragötu og er talið að þeir hafi þar skipt yfir í þriðja bílinn.

Betur fylgst með á landamærum

Lögregla fylgdist sérstaklega vel með fólki sem var á leið úr landi í gær eftir ránið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það tíðkast þegar stendur yfir leit að afbrotamönnum.

Landamæraeftirlit var ekki hert sem slíkt, samkvæmt upplýsingum blaðsins, enda er það nokkuð umfangsmikil aðgerð sem felur í sér heimildir til að kynnsetja flugvélar og farartæki og krefst aukins mannskapar. Lögregla var hins vegar sérstaklega vel á verði.

- sh

blaðsins eru ræningjarnir taldir hafa notað að minnsta kosti þrjá stolna bíla í tengslum við ránið. Að sögn Franks var Audi-bílur lagt á Vegamótastíg, rétt hjá versluninni, á sunnudagskvöld eða -nótt. Þann bíl notuðu ræningjarnir svo til að

komast burt af ránsstaðnum og að Smáragötu þar sem hann fannst skömmu síðar. Annar bíll, silfraður Volkswagen Passat, fannst í gangi á Vegamótastíg skömmu eftir ránið. Líklegt er að hann hafi verið notaður til að koma ræningjunum á stað-

inn í gærmorgun. Þriðji bíllinn er ófundinn eftir þeim upplýsingum sem Fréttablaðið hefur.

Lögreglan fékk allar myndbandsupptökur úr versluninni í gær en ránið náðist allt á öryggismyndavélar. Frank segir mikil-

vægast að allir séu heilir á húfi og ekki sé endilega aðalatriði að úrin finnist, „heldur að þetta geti ekki viðgengist á Íslandi, að svona rán séu framin hér á okkar friðsæla landi – sem hefur verið“.

thorunn@frettabladid.is



Í VERSLUNINNI Mennirnir brutu upp skápa og tóku aðeins dýr armbandsúr en litu ekki við skartgripum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BYSSUDAGAR

TILBOÐ Á SKOTVEIÐIVÖRUM

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is



Audi TT 2.0 TFSi
Árgerð 2007, bensín
Einn 26.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð
4.900.000,-

NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



Audi A4 1.8T
Árgerð 2006, bensín
Einn 70.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
3.090.000,-



Hyundai i30
Árgerð 2010, bensín
Einn 46.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-



VW Polo Comfort 1.4
Árgerð 2007, bensín
Einn 85.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.380.000,-



VW Polo Trendline 1.2
Árgerð 2010, bensín
Einn 50.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.790.000,-



Ford Escape
Árgerð 2005, bensín
Einn 93.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
1.350.000,-



Nissan Navara
Árgerð 2007, dísel
Einn 92.500 km, sjálfsk.

Ásett verð
3.590.000,-



Chevrolet Tosca
Árgerð 2006, bensín
Einn 59.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
1.690.000,-



VW Polo Trendline 1.2
Árgerð 2010, bensín
Einn 35.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.790.000,-



VW Golf Trendline 1.6
Árgerð 2007, bensín
Einn 71.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.690.000,-



Audi Q7 4.2
Árgerð 2007, bensín
Einn 60.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
7.990.000,-



Toyota Land Cruiser 120 VX, Árgerð 2007, dísel
Einn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.690.000,-



Toyota Yaris
Árgerð 2010, bensín
Einn 41.500 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-




**NOTAÐIR
BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða starf hefur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þegið?
2. Hvaða heitir norska eyjan sem auglýsti eftir íslenskum barnaffjölskyldum?
3. Hvaða bandaríska kvikmyndaleikstjóra hittu meðlimir hljómsveitarinnar Árstíða í rússneskum spjallþætti?

SVÖR

3. Spjke Lee.
Vegum Sameinnuðu þjóðanna. 2. Fjelleberg.
Áfgánistan. UN Women er stöðin á unnu d
1. Starf yfirmanns Un Women í

Biskup í prédikunarstóli

Ræddi ekki mál Guðrúnar Ebbu

ÞJÓÐKIRKJAN „Því miður hafa verið og eru menn sem skreyta sig skikkju kristinnar trúar til að svala ofbeldisfýsni og valdalasta, eins og dæmin sanna. Það er ekki allt geðfellt sem sjá má í ásjónu trúarinnar,“ sagði Karl Sigurbjörnsson biskup í predikun sinni í Reyðarfjarðarkirkju á sunnudag.

Er þetta í fyrsta sinn sem Karl talar opinberlega síðan viðtal Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur fór fram fyrir rúmri viku. Biskup minnst þó ekki berum orðum á Guðrúnu Ebbu eða föður hennar, en talaði mikið um stöðu kirkjunnar, bæði hér á landi og í Vestur-Evrópu. Hann minnti bæjarbúa meðal annars á mikilvægi þess að gera greinarmun á heilbrigðu og brengluðu í trúarefnum, eins og öðru.



KARL SIGURBJÖRNSSON

Kaflar um frjálsa för fólks og hugverkarétt í aðildarsamningi við ESB þykja liggja ljósir fyrir:

Tveir kaflar samningsins líklega kláraðir á morgun

EVROPUMÁL Búið er við að tveimur köflum í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið verði lokað strax eftir að þeir verða opnaðir á ríkjaráðstefnu sambandsins á miðvikudag. Þetta segir Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands.

Um er að ræða kafla númer tvö, sem fjallar um frjálsa för fólks milli landa, og kafla númer sjö um hugverkarétt. „Þetta eru kaflar sem falla undir EES þannig að þetta er hluti af okkar innanlands-löggjöf og því lítið um að semja,“ útskýrir Stefán Haukur.



FLEIRI Í DESEMBER Stefán Haukur Jóhannesson segir fleiri kafla verða opnaðir í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir að á næstu ríkjaráðstefnu í desember verði fleiri kaflar opnaðir. „Það verða væntanlega fleiri en þessir tveir sem við erum að opna núna en ég vil fara varlega í að tjá mig um fjöldann á meðan hann er ekki endanlega ákveðinn,“ segir Stefán.

Af köflunum 33 sem um er að tefla þykir ljóst að þeir sem snúast um sjávarútveg og landbúnað verði þýngstir. Hvenær má búast við að þeir verði opnaðir?

„Á þessu stigi vitum við það ekki,“ segir Stefán Haukur. „Við sjáum fram á að sjávarútvegs-

kaflinn tefjist, ekki síst vegna þess að Evrópusambandið er sjálft að endurskoða sína sjávarútvegsstefnu og er að því er virðist ekki í stakk búið til að opna kaflann alveg í næstu framtíð.

Hvað landbúnaðarkafllinn varðar þá fengum við svokallað opunarviðmið og við munum ekki opna þann kafla fyrr en við höfum getað mætt því. Það er í skoðun þessa dagana hvernig við ætlum að nálgast það,“ segir Stefán Haukur. Þó sé ljóst að þessir tveir kaflar verði ekki opnaðir fyrir áramót.

- sh

UMHVERFISMÁL

Svifryksmæli í Fljótshverfi

Íbúar í Fljótshverfi í Skaftárhreppi vilja að þar verði settur upp svifryksmælir. Sveitarstjórnin segir nauðsynlegt að mæla svifryk bæði á Kirkjubæjarklausti og í Fljótshverfi. Talsvert öskufok er enn á þessum slóðum eftir eldgos á síðustu misserum.

Unnið að eigandastefnu:

Harpa kostaði 30 milljarða

FRAMKVÆMDIR Kostnaður við Hörpu nemur um 27,7 milljörðum króna. Þar af er kostnaður síðan ríki og borg tóku verkið yfir 17,7 milljarðar króna. Samkvæmt samningi verða framlög með rekstrinum 960 milljónir króna árlega í 30 ár.

Þetta kom fram í svari Svandísar Svavarsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, við fyrirspurn Marðar Árnasonar á Alþingi í gær. Þar kom einnig fram að unnið væri að eigendastefnu fyrir Hörpu. Verið er að ljúka síðustu verkþáttum við Hörpu og unnið að endurfjármögnun.

- kóp

Grænt ljós á samruna Byrs og Íslandsbanka

Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið hafa samþykkt samruna Íslandsbanka og Byrs. ESA og Alþingi einu hindranirnar sem eftir eru í ferlinu. Samruni við Íslandsbanka er forsenda þess að Byr sé rekstrarhæft fyrirtæki.

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið (FME) og Samkeppniseftirlitið veittu í gær samþykki sitt fyrir samruna Íslandsbanka og Byrs. Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann á grundvelli þess að Byr væri ekki rekstrarhæfur ef honum yrði hafnað.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur í nokkra mánuði kannað hvort 5 milljarða króna víkjandi lán íslenska ríkisins til Byrs standist reglur stofnunarinnar um ríkisstyrki. Niðurstaða ESA þarf að liggja fyrir áður en samruninn getur átt sér stað. Vonast er til að niðurstaða ESA liggi fyrir á morgun. Þá vantar fjármálaráðherra einungis lagaheimild til að mega selja hlut ríkisins í Byr svo að samruninn geti gengið í gegn. Slíka heimild er að finna í fjáráukalögum sem verða afgreidd á Alþingi á næstu vikum.

Alls eru 140 dagar síðan söluferlið á Byr hófst og fjórtán vikur eru liðnar síðan skrifað var undir samning um að renna bankanum inn í Íslandsbanka.

Samkeppniseftirlitið sendi bréf til stjórnenda Íslandsbanka og Byrs þar sem tilkynnt var um niðurstöðu þess. Þar segir að með samrunanum muni Íslandsbanki styrkja stöðu sína á íslenskum bankamarkaði. Stóru bankarnir þrír hafi „mjög mikla markaðshlutdeild á íslenskum bankamarkaði og njóta þeir til samans yfirburða markaðshlutdeilda á nær öllum hlutum markaðarins. Í máli þessu er hins vegar sýnt fram á að skilyrði um fyrirtæki á fallanda fæti eru uppfyllt í málinu og sökum þessa eru ekki forsendur að lögum til frekari aðgerða í málinu“. FME fylgdi í kjölfarið og til-



140 DAGAR SÖLUFERLI Byr er fjórða stærsta fjármálafyrirtæki landsins og því ljóst að Íslandsbanki mun auka markaðshlutdeild sína töluvert við samruna fyrirtækjanna tveggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðskiptavinir munu ekki finna fyrir neinum breytingum fyrr en eftir einhvern tíma.

JÓN FINNBOGASON
FORSTJÓRI BYRS

kynnti að það hefði veitt samþykki sitt fyrir samrunanum.

Jón Finnbogason, forstjóri Byrs, segir að nú þurfi að bíða eftir að Alþingi veiti fjármálaráðherra heimild til að selja hlutinn og niðurstöðu ESA. „Að því loknu hefst formlegt ferli við að sameina þessi tvö fyrirtæki. Viðskiptavinir munu ekki finna fyrir neinum breytingum fyrr en eftir einhvern tíma.“

Í júlí var tilkynnt að Íslandsbanki

og Byr ætluðu að sameinast undir merkjum þess fyrrnefnda.

Íslandsbanki ætlar að kaupa tíu milljarða króna af nýju hlutafé og 7,7 milljarða króna af gömlu hlutafé sem er í eigu íslenska ríkisins (900 milljónir króna) og kröfuhafa Byrs sparisjóðs (6,8 milljarðar króna).

Í árschlutareikningi Byrs fyrir fyrstu sex mánuði ársins er að finna ábendingu frá endurskoðendum bankans sem snýr að samrunanum. Þar segir að reikningurinn hafi verið „gerður miðað við forsendu um rekstrarhæfi. Forsenda rekstrarhæfis er háð jákvæðri niðurstöðu úr söluferlinu sem lauk með samningi hinn 12. júlí 2011 um hlutafjárukningu að fjárhæð tíu milljarðar króna.“

thordur@frettabladid.is


FASTUS

Getur þú bjargað mannlífi?

Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is



Fólk með lausnir

Hjá Nýherja starfa hátt í 300 sérfræðingar í upplýsingatækni. Lausnir okkar byggja á skilningi á þörfum viðskiptavina, framúrskarandi tækniþjónustu og tækniþúnaði frá heimspektum framleiðendum.

Með frumkvæði og metnað að leiðarljósi finnum við réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

Nýherji hf. Sími 569 7700 www.nyherji.is

**Egill
Arnason**™

Plankaparket frá Baltic Wood

..... Borðleggjandi gæði

Eik Super Rustik plankaparket
á frábæru tilboðsverði í október.

~~kr. 9.365 m²~~
kr. 6.990 m²

25%
AFSLÁTTUR



30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi
fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.



Íslenskar leiðbeiningar

Íslenskar lagningar- og viðhalds-
leiðbeiningar fylgja Baltic Wood.



Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórri
smellu er eitt af einkennum
hágæða gólfefna.



Lengri borð

Borðin eru 2.2 m á lengd
sem gefur fallegra
yfirbragð og auðveldar lögn.



**Egill
Arnason**™
LIVING

Skannaðu QR kóðann með
símanum þínum eða skoðaðu
netblaðið okkar á egillarnason.is.





VAÐIÐ Í TAILANDI Þessi feðgin í Tailandi þurftu að vaða, en flóðin þar í landi eru nú að ná hámarki.

NORDICPHOTOS/AFP

Frumvarp lagt fram á þingi: Fæðingarorlof einhleypra lengt

ALÞINGI Einhleypir munu eiga rétt á nýu mánaða fæðingarorlofi ef frumvarp sex þingmanna allra flokka á Alþingi nær fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að einstæðar mæður sem eignast barn með hjálp tæknifrjóvgunar og einhleypir sem ættleiða eða taka barn í fóstur geti fengið fæðingarorlof í nýu mánuði. Með þessu er verið að jafna rétt barna og foreldra, því börn sem eiga tvo foreldra eiga rétt á nýu mánaða samvistum við þá á fyrstu 36 mánuðum lífs síns. Nú fá einhleypir aðeins sex mánuði.

- þeb



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

ÞJÓÐKIRKJAN Hin langa saga íslensku kirkjunnar og tengsl hennar við kynferðisbrot er, eins og flestir vita, ekki einsdæmi og mörg önnur lönd hafi svipaðar sögur að segja af leiðtogum innan sinna kirkna. Þetta segir Dr. Marie M. Fortune, prestur og stofnandi FaithTrust Institute.

Fortune er sérfræðingur á sviði fræðslu- og forvarnamála um kynferðislegt ofbeldi innan trúfélaga og er komin hingað til lands til að halda námskeið og málþing á vegum Þjóðkirkjunnar. Yfirskrift málþingsins, sem haldið er í dag, er Kynferðisleg misnotkun á börnum í trúarlegu samhengi og yfirskrift námskeiðsins, sem haldið verður á morgun er Kynferðisleg misnotkun og rétt viðbrögð í samhengi kirkju og trúfélaga.

„Kirkjurnar okkar geta náð sér aftur á strík eftir ofbeldi presta, ef það er stutt við þolendur og ofbeldismennirnir dregnir til ábyrgðar, líkt og á að gera,“ segir hún. „Það er hægt að ráða fram úr því þegar einstaka prestar verða uppvisir að trúnaðarbresti, en það sem er ekki hægt að kljást við eru svik kirkjunnar sem stofnunar. Það eru þau svik sem eru að hrekja fólk burt úr kirkjunni.“

Spurð hvort hún telji að Karl Sigurbjörnsson biskup eigi að segja af sér til þess að endurvekja traust almennings á Þjóðkirkjunni segir Fortune:



DR. MARIE M. FORTUNE Dr. Fortune telur það nauðsynlega forsendu þess að kirkjan byggi upp traust sitt að nýju gagnvart almenningi, að þeir menn, sem beiti ofbeldi innan hennar, séu dregnir til ábyrgðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjórða boðorðið endurskilgreint?

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, guðfræðingur og dósent við HÍ, er einn fyrirlesara dagsins og mun hún leggja áherslu á forvarnamál í kristlegu barnastarfi varðandi kynferðisbrot gegn börnum. Hún segir að einkum hafi verið litið til fjórða boðorðsins, Heiðra skaltu föður þinn og móður, og mögulega endurskilgreiningu á því.

„Það er einkum þessi áhersla á hlýðni. Þær gamlgrónu uppeldisáherslur í okkar menningu sem hafa mjög mikið legið á því að kenna börnum að hlýða,“ segir Sólveig. „Það er vissulega margt gott í því, en ég vil setja spurningarmerki við það að börnum sé sagt að hlýða þeim sem hefur vald yfir þeim í einu og öllu – hvort sem um er að ræða lækna, presta, kennara eða foreldra – og að þau geti í því samhengi verið berskjölduð fyrir kynferðislegri áreitni.“

7 ÁRA
KIA
ÁBYRGÐ

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

NÝR PICANTO
Urrrandi góður!

Kynnum til sögunnar nýjan Kia Picanto. Magnaðan bíl sem eyðir aðeins 4,3 l/100 km og CO₂ útblásturinn er aðeins 99 g/km.

Verð frá **1.997.777 kr.**

mánaðargreiðsla*
22.477 kr.

GRÆNT BÍLALÁN
ergo
EIGIN LANTÖKUGJÓLD

* Miðað við grænan, óverðtrygðan bílasamning Ergo til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er kr. 9,39%.

KIA



MÓTMÆLENDUR Í LONDON Í London hafa mótmælendur hreiðrað um sig fyrir utan Pálskirkjuna.

NORDICPHOTOS/AFP

Mánuður frá fyrstu mótmælum á Wall Street:

Mótmælahreyfing vex og breiðist út

BANDARÍKIN Ítalska lögreglan réðst í gær til inngöngu á heimili og samkomustaði þar sem herskáir mótmælendur hafa haldið til undanfarið í nokkrum helstu borgum landsins. Mótmælin á Ítalíu um helgina urðu ofbeldisfyllri en víðast hvar og urðu eignaspjöll mikil. Í London hafa mótmælendur hins vegar hreiðrað um sig fyrir utan Pálskirkjuna og gantast við fjármálamennina sem vinna í næstu húsum.

Þessi nýja hreyfing mótmælenda hófst með því að nokkrir tugir manna komu sér fyrir í litlum almenningsgarði við Wall Street í New York fyrir mánuði. Um síðustu helgi tóku hundruð þúsunda þátt í mótmælum í borgum víða um heim, og ekkert lát virðist á.

Fyrirmynd mótmælanna í New York eru einkum mótmælin á Tahrir-torgi í Kaíró snemma árs og fjöldamótmælin á Spáni í sumar. Mótmælendurnir gera sér margir hverjir vonir um að arabíska vorið svonefnda endurtaki sig á Vesturlöndum og grafi undan veldi fjár-

málaheimsins með sama hætti og grafið hefur verið undan valdhöfum nokkurra ríkja í arabaheiminum.

Mótmælendahópurinn er að vísu afar margbreytilegur og skiptist í hóp sem ekki eru endilega allir að mótmæla því sama. Yfirlýstur tilgangur aðgerðanna er samt nokkuð augljós, nefnilega sá að mótmæla alþjóðlegu fjármálakerfi og þeim heljartökum sem það er sagt hafa á stjórnvöldum og stjórnmálamönnum í ríkjum heims.

Ýmsir valdhafar hafa reyndar tekið undir kröfur mótmælendanna. Þannig sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að ríkjaleiðtogar ættu að hlusta á mótmælendurna. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun í Bandaríkjunum er að vísu ekki nema rétt um þriðjungur bandarískra kjósenda þeirrar skoðunar að fjármálaveldið í Wall Street beri höfuðábyrgð á kreppunni. Ríflega helmingur, eða 56 prósent, telur stjórnvöldum í Washington um að kenna.

- gb



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölur- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

www.kia.is



DJ MARGEIR Á BLUE LAGOON CHILL, ICELAND AIRWAVES 2011

**BLÁA LÓNIÐ HEFUR STUTT VIÐ BAKIÐ
Á ÍSLENSKUM TÓNLISTARMÖNNUM
FRÁ UPPHAFI AIRWAVES.**

www.bluelagoon.is

BLUE LAGOON
ICELAND

Umfang og eðli vændis verður að rannsaka.

Skýra mynd af vændi skortir

Innanríkisráðherra hefur sagt að vel komi til greina að setja á fót starfshóp sem rannsaki til hlítar umfang og eðli vændis á Íslandi á næstunni. Tíu ár eru síðan dómsmálaráðuneytið lét gera úttekt á stöðu vændis á Íslandi. Sú rannsókn beindist fyrst og fremst að eðli starfseminnar og félagslegu samhengi. Markmið hennar var ekki að leggja mat á umfang starfseminnar. Það gefur augaleið að nýrri og nákvæmari upplýsingar um eðli og umfang vændis gætu gert störf þeirra sem að málaflokknum vinna markvissari. Þetta á við um lög-reglu, velferðarþjónustu og sam-tök eins og Stígamót sem sinnt hafa þjónustu við konur á leið úr vændi.

Vitað er að vændi er til á Íslandi og hefur lengi verið. Verulegar líkur eru á því að vændi hafi aukist undanfarin ár og vitað er að mansal kemur að einhverju leyti við sögu í vændi á Íslandi. Vissulega er mynd þeirra sem gleggst þekkja nokkuð skýrari en sú sem hér er dregin upp. Engu að síður vantar algerlega nýjar og haldgóðar upplýsingar um málaflokkinn, meðal annars um það hverju breyttar lagasetningar, svo sem bann við kaupum á vændi og bann við nektarstöðum, hafa skilað.

Mansal flokkast meðal alvarlegustu glæpa á heimsvísu og dæmi eru þekkt um mansal í tengslum við kynlífsiðnað hér á landi. Fyrir tveimur árum var birt ítarleg rannsókn Friðu Rósar Valdimarsdóttur mannfræðings á eðli og umfangi mansals á Íslandi. Þar var gerð tilraun til að meta umfangið sem mikilvægt er að fylgja eftir í því skyni að fylgjast með þróuninni.

Auk þess að leggja mat á umfang vændiskaupa er afar mikilvægt að greina hlut þriðja aðila í vændi, veltuna í því neðanjarðar-hagkerfi sem þrífst í kringum vændið, auk boðleidda sem notaðar eru til að koma á sambandi kaupanda og seljanda.

Vændi er að því leyti ólíkt öðrum brotum að sala þess er ekki ólögleg heldur aðeins kaup á vændi og það að hagnast af því sem þriðji aðili eða milligöngumaður, auk þess sem aðkoma að mansali er vitanlega lögbrot. Þetta gerir brotaflokkinn afar flókinn.

Þess sér líka stað þegar skoðaðar eru ákærur í málaflokknum sem ætla má að séu ekki í samræmi við umfang starfseminnar hér á landi. Margt virðist benda til að lögreglu takist ekki sem skyldi að rannsaka til hlítar þau meintu vændismál sem á borð hennar koma. Lögreglan hlýtur að þurfa að verja meiri kröftum í rann-sókn vændismála hvort sem um er að kenna skorti á fjármagni, forgangsroðun verkefna eða að einhverju leyti skort á heildar-mynd af stöðu brotaflokksins.

Vonandi mun innanríkisráðherra láta verkin tala og fylgja eftir jákvæðum undirtektum sínum um að umfang og eðli vændis á Íslandi verði rannsakað. Það skiptir miklu að fylgjast með þróun málaflokksins, áhrifum lagabreytinga og annarra aðgerða. Slík vinna þarf að hefjast eins skjótt og kostur er og henni verður að fylgja eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLÁG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

60 ára og eldri

Ert þú 60 ára eða eldri og langar að hreyfa þig?

Heilsuborg er með flott námskeið fyrir þá sem vilja markvissa hreyfingu í góðum félagsskap.

Létt leikfimi, tækjapjálfun, slökun og vellíðan

Nýtt námskeið hefst 31. október
Kennt er á mán. og mið. kl. 11.00

Þjálfarar:
Helga Sigmundsdóttir,
lýðheilsufræðingur og
Elva Björk Sveinsdóttir,
íþróttufræðingur

Skráðu þig núna í
síma 5601010 eða á
heilsuborg @heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin pólitísk afskipti

Eitt af því sem kallað var eftir við uppgjörið í kjölfar bankahrunsins var að pólitískar ráðningar yrðu aflagðar. Ríkisstofnanir ættu að njóta meira sjálfstæðis og skipa í stöður eftir hæfileikum. Í því skyni hafa stjórnir notað óháð matsfyrirtæki og með því reynt að gera ráðningar óháðar pólitískum tengslum. Nú ber svo við að mikill styr stendur um ráðn-ingu forstjóra Bankasýslunnar. Svo mikill að þeir sem voga sér að draga í efa helstu gifurfyrðin í því máli eru úthrópaðir sem fulltrúar gamla valdsins. Líklega verður svo gert um höfund þessara



orða einnig. Á það ber nefnilega að líta að sá sem ráðinn var í stöðuna var metinn hæfastur af stjórn og ráðningarfyrirtæki.

Meiri pólitísk afskipti

Vegna fortíðar viðkomandi er nú kallað eftir því að fjármálaráðherra gripi inn í ráðninguna. Að hann beiti pólitískum afskiptum; nokkuð sem átti að heyra sögunni til á nýja Íslandi. Það verður erfiðlega bæði sleppt og haldið í málinu. Annaðhvort stendur ráðning Páls Magnússonar eða við gripum til



pólitískra afskipta. Þau hljóta þá að vera komin til að vera.

Bókunin sem aldrei varð

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir spurði Svandís Svavarsdóttur í gær út í stöðu drengja í menntakerfinu. Að auki spurði hún hvort ráðherra væri sammála bókun fulltrúa vinstri grænna í borgarstjórn um að ekki sé sérstök nauðsyn á að kanna námsárangur drengja í skólum. Svar ráðherra var stutt og laggott: Engin slík bókun hefur verið lögð fram. Ekki sköpuðust frekari umræður um málið.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Betri stjórnsmál

Stjórnsmál



Eysteinn Eyjólfsson
upplýsingafulltrúi
Samfylkingarinnar

Fyrir landsfundi Samfylkingarinnar, sem haldinn verður 21.-23. október nk., liggja umfangsmiklar tillögur sem fela í sér grundvallar endurskipulagn-ingu á starfi flokksins.

Tillögurnar eru afrakstur eins og háls árs umbótastarfs innan Samfylk-ingarinnar sem hófst skipulega í kjöl-far útkomu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis í apríl 2010 og tók vinnuferlið m.a. mið af niðurstöðum skýrslunnar. Flokkurinn skipaði eigin umbótanefnd sem skilaði í desember 2010 ítarlegri greiningu og umbótatillögum sem ræddar voru á fundum í öllum aðildar-félögum um allt land. Afrakstur þessa mikla starfs liggur nú fyrir landsfundi til umræðu og afgreiðslu.

Tekið er á öllum lykilþáttum í flokks-starfinu í tillögunum. Þær stuðla að aukn-um áhrifum flokksmanna með virkara lýðræði í flokknum, öflugra málefna-starfi, sterkari og áhrifameiri aðildar-félögum, skilvirkara flokksskipulagi og vinnubrögðum, virkari tengslum flokks-forystu og félagsmanna og auknu samtali og samráði Samfylkingarfólks í þéttbýli og á landsbyggðinni.

Fyrir landsfundinum liggja m.a. til-

lögur um skipan þriggja manna sátta- og siðanefndar Samfylkingarinnar, tillaga að siðareglum sem ráðherrum, þing-mönnum, sveitarstjórnarfulltrúum og öðrum sem starfa í nafni Samfylking-arinnar beri að hafa í heiðri í störfum sínum, tillaga að skuldbindandi reglum um aðferðir við val á framboðslista, sem fela m.a. í sér að opnum prófkjörum verði hætt og tillaga um skýrari reglur um fjármál flokksins og frambjóðenda hans.

Framkvæmdastjórn flokksins legg-ur fyrir landsfundinn vel á fimmta tug lagabreytingatillagna byggða á umbóta-starfinu og tillögum laganefndar. Auk þess liggja fyrir landsfundinum tillögur að ályktunum málefnanefnda, afrakstur metnaðarfulls málefna- og stjórnsýslu- uð flokksmanna hafa unnið að af krafti frá áramótum. Tillögurnar eru nú til umræðu í aðildarfélögum flokksins, eins og aðrar tillögur sem liggja fyrir lands-fundinum, svo tryggja megi vandaðri vinnu á landsfundi og betri stjórnsmál, en rík krafa var um slíkt af hendi flokks-manna.

Jafnaðarmönnum, og öðrum áhuga-mönnum um betri stjórnsmál, er bent á að kynna sér tillögurnar á landsfundur.is.

Um stöðu mála fyrir landsdómi

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ



Með ályktun 28. september 2010 samþykkti Alþingi að höfða bæri sakamál fyrir landsdómi á hendur fyrrum forsætisráðherra fyrir ætluð brot framin í embætti á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár. Af því tilefni kom landsdómur saman í fyrsta skipti.

Saksóknari Alþingis gaf út ákæru á hendur ráðherra í maí sl. á grundvelli ályktunar þingsins. Ákærunni er skipt upp í tvo kafla. Í þeim fyrri er ráðherra gefin að sök alvarleg vanræksla á starfsskyldum sínum sem er nánar lýst í fimm liðum. Í síðari hlutanum er hann sakaður um að hafa vanrækt að fara eftir fyrirmælum stjórnarskrárinnar um að halda ráðherrafundi (ríkisstjórnarfundi) um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessum vettvangi verður nú

meðferð málsins taldar fyrir sjáanlegar og ekki standa því í vegi að ákærði fái notið réttlátrar málsmeðferðar eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Landsdómur hefur hins vegar tekið undir með ákærða að tveir ákæruleir af þeim fimm sem hann er borinn sökum um í fyrri hluta ákæru séu ekki nægilega skýrir og fallist á að vísa þeim frá dómi. Að öðru leyti hefur dómurinn talið að ákæran fullnægi kröfum laga. Almennt séð hafa úrlausnir landsdóms verið vel rökstuddar og ekki komið á óvart út frá sjónarhóli lögfræðinnar.

Staða málsins og næstu skref

Landsdómur hefur nú leyst úr formsatriðum um grundvöll málsins sem þurftu að liggja fyrir áður en málið færi til svokallaðrar aðalmeðferðar. Við aðalmeðferð málsins færa saksóknari Alþingis og verjandi fram þau sönnunargögn sem þeir telja að varpi ljósi á sekt eða sakleysi ákærða. Þar kann ákærði að gefa skýrslu auk þess sem vitni eru leidd fyrir dóminn. Að lokinni aðalmeðferð kveður lands-

„Þá gildir sú meginregla fullum fetum í þessu máli eins og öðrum sakamálum að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á saksóknara Alþingis. Verði sönnun um sekt ákærða vefngd með skynsamlegum rökum ber að sýkna hann.“

gerð tilraun til að varpa ljósi á þau ágreiningsatriði sem landsdómur hefur þegar fjallað um og stöðu málsins. Loks verður farið nokkrum orðum um þær ályktanir sem draga má af málinu um framtíð núverandi kerfis.

Ágreiningsatriði sem landsdómur hefur þegar leyst úr

Landsdómur hefur til þessa kveðið upp einn dóm og þrjá úrskurði. Með þessum úrlausnum hefur dómurinn fjallað um öll helstu álitafnin varðandi undirbúning og grundvöll málsins sem uppi hafa verið og ákærði hefur borið fyrir sig. Landsdómur hefur t.d. talið að saksóknari Alþingis hafi verið löglega kjörinn og að það hafi verið lögmætt að þingið byggði ályktun um málshöfðun á skýrslu rannsóknarnefndar þingsins. Þá hefur dómurinn m.a. skorið úr um það að þær refsheimildir sem ákært er fyrir séu nægilega skýrar til að ákærði geti haldið uppi vörnum. Einnig eru reglur landsdómslaga og sakamálalaga um

dómur upp úr um sekt eða sýknu ákærða. Eins og sakir standa má gera ráð fyrir að aðalmeðferð fari fram á fyrri hluta næsta árs.

Brýnt er að réttarstaða ákærða sé eins skýr og kostur er við framhald málsins þannig að réttur hans til að halda uppi vörnum sé ekki skertur. Í því sambandi er mikilvægt að dómurinn hefur þegar leyst úr álitafnum um samspil sérákvæða landsdómslaga um meðferð máls og almennra reglna sakamálalaga. Þótt landsdómur hafi ekki fallist á kröfu ákærða um að vísa málinu frá í heild sinni verður eftir sem áður að tryggja að hann njóti réttlátrar málsmeðferðar allt til enda máls. Þá gildir sú meginregla fullum fetum í þessu máli eins og öðrum sakamálum að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á saksóknara Alþingis. Verði sönnun um sekt ákærða vefngd með skynsamlegum rökum ber að sýkna hann. Þessar meginreglur eru án undantekninga.

Hvaða ályktanir má draga af málinu um ákæruvald Alþingis og framtíð þess?

Fyrir liggur sú afstaða landsdóms að ákvörðun Alþingis um málshöfðun á hendur fyrrverandi forsætisráðherra hafi að formi til verið lögmæt. Þá hafi það ekki brotið í bága við jafnræðisreglu að hann hafi verið ákærður einn ráðherra. Í úrskurði dómsins um það atriði er vísað til 48. gr. stjórnarskrárinnar um að alþingismenn séu eingöngu bundnir við

sannfæringu sína þegar þeir greiða atkvæði um þingmál. Virðist landsdómur með þessu áréttast sérstakt eðli ákæruvalds Alþingis sem stjórnarskráin gerir nú ráð fyrir.

Til framtíðar má halda því fram að ekki standi nægjanlega sterk rök til þess að kerfi sem gerir ráð fyrir ákæruvaldi þingmanna sé við lýði í samfélagi eins og okkar í upphafi 21. aldarinnar. Á grundvelli ályktunar Alþingis fól þáverandi forsætisráðherra nefnd

sérfróðra manna á árinu 1998 að rita skýrslu um starfsskiptir stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og um viðurlög við réttarbrotum í stjórn-sýslu. Í skýrslunni, sem kom út ári síðar, er m.a. fjallað um ráðherraábyrgð. Er það niðurstaða skýrsluhöfunda að tíma-bært sé að endurskoða lögin um það efni. Hér er tekið undir þá afstöðu og því bætt við að samhliða er nauðsynlegt að endurskoða reglur um ákæruvald Alþingis.

Já, það er rétt!

Tíminn er dýrmaður

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins

vinna óeigingjarnt hjálparstarf í þágu samfélagsins. Að vera sjálfbóðaliði Rauða krossins er mjög gefandi og skemmtilegt og það er alltaf pláss fyrir gott fólk. Þú getur látið gott af þér leiða með því að:

- ✓ gerast sjálfbóðaliði
- ✓ gerast félagi
- ✓ gerast MANNVINUR
- ✓ styrkja starfið með fjárstuðningi
- ✓ gefa fót



Meðal sjálfbóðaliðaverkefna okkar eru:

Athvörf
Rauða krossins

Félagsvinir

Tombólubörn

Hjálparsími
Rauða krossins
1717

Fata-söfnun
Rauða krossins

Heimsóknavinir

Frú Ragnheiður

Prjónahópar

Göngum
til góðs
landssöfnun

Neyðarvarnir

Skoðaðu nýja vefsíðu!
www.raudikrossinn.is

Stoltur styrktaraðili:
Arion banki

Rauði kross Íslands



Häcker
kitchen. german made.

Farðu alla leið með Eirvík

Innréttingar og eldhústæki

Hannað af alúð og framleitt af þýskri nákvæmni. Ráðgjöf, hönnun og uppsetning allt á einum stað. Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur.

Miele bulthaup

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Ástkær dóttir mín, móðir,
systir og frænka,

**Ingibjörg Þórarinsdóttir
Bartley**

andaðist 9. október í Mobile, Alabama. Útför hennar
fer fram frá Grindavíkurkirkju 21. október kl. 14.00.

Fyrir hönd ástvina hennar,
Guðveig Sigurðardóttir



Innilegar þakkir til ykkar allra sem
sýnduð okkur samúð og vináttu við
fráfall hjartkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ásgerðar Gísladóttir

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Hjúkrunar-
heimilisins Sóltúns fyrir einstaka hlýju og góða
umönnun.

Hrafnhildur Sigurðardóttir Brynjúlfur Sæmundsson
Gíslína Guðmundsdóttir Haraldur Dungal
Ólöf og Axel, Ragnar, Sigurður Ásar, Hrafn
og langömmubörnin.



Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Egill Arnór Halldórsson

bókasafnsfræðingur og
skylmingameistari,

sem lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
laugardaginn 8. október sl., verður jarðsunginn frá
Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn
19. október kl. 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum hjartanlega öllum þeim sem
sýndu okkur samúð, hlýð og vináttu
við andlát og útför ástkærrar eigin-
konu, móður, tengdamóður og ömmu,

Hrefnu Pribish

Mýrarseli 4.

Valdimar A. Valdimarsson, Anna Hanna Valdimarsdóttir
Linda Valdimarsdóttir Sigurður Steinþórsson
Hrefna Valdimarsdóttir Bragi Björnsson
og barnabörn. Gísli Páll Reynisson



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Áslaug Eypórsdóttir

Birkihvammi 4, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðviku-
daginn 12. október. Útför fer fram frá Hafnarfjarðar-
kirkju miðvikudaginn 19. október kl. 13.00.

Eiríkur Ágústsson Sesselja Eiríksdóttir
Hafsteinn Eiríksson Guðbjörg Þórisdóttir
Ágúst Þór Eiríksson Haraldur Ragnar Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn. Alfred Dan Þórarinsson
Hafðis Jensdóttir

tímamót

timamot@frettabladid.is



THOMAS ALVA EDISON uppfinningamaður (1847-1931)
lést þennan dag.

„Óánægja er nauðsynleg til að stuðla að framför.“



KRAKKARNIR UNDIRSTAÐA FÉLAGSINS Skíðafélag Ólafsfjarðar ætlar að framleiða snjó í brekkurnar fyrir krakkana. Myndin er tekin af göngu-
skíðahóp félagsins á Andrésar Andar-leikumum.

SKÍÐAFÉLAG ÓLAFSFJARÐAR: FAGNAR 10 ÁRA STARFSAFMÆLI Í DAG

Byggja upp fyrir krakkana

„Allir bæjarbúar og velunnarar skíðafélagsins eru velkomnir,“ segir Sigurpáll Gunnarsson, formaður Skíðafélags Ólafsfjarðar, en félagið heldur upp á tíu ára afmæli í dag. Búið verður upp á kaffi og með því í skíðaskálanum í Tindaöxl klukkan 18.

Starfsemi félagsins er komin á skrið fyrir veturinn þó að snjóinn vanti enn í fjallið, en hellirigning og rok var þegar blaðamaður náði í Sigurpál. „Við stöndum fyrir æfing-
um sem allir geta sótt hvort sem fólk er í öðrum íþróttum en skíðum. Við höfum einnig nýlengið fjárfestum fyrir skíðaverð til Noregs um áramótin en við efndum til hjólaáheita og hjóluð-
um um 715 kílómetra,“ segir Sigurpáll. Hann vonast líka til að snjóleysið
heyri sögunni til eftir mánaðamótin

en félagið stendur í miklum fram-
kvæmdum í fjallinu.

„Við erum að auka við girðingar í kringum göngubrautina fyrir snjó-
söfnun og erum langt komin með að setja upp snjóbyssur, eigum bara eftir að tengja. Við vonumst til að geta framleitt snjó fyrir neðsta hluta lyft-
unnar og í þokkalegan gönguhring,“ útskýrir Sigurpáll og segir snjófram-
leiðsluna verða mikilvæga fyrir barna-
starf félagsins.

„Það hefur fækkað hjá okkur vegna
snjóleysis. Nýliðarnir koma ekki í félagið þegar snjóinn vantar í brekk-
urnar en Ólafsfjörður hefur byggt mikið á að krakkarnir fari í fjall-
ið. Við teljum þetta skipta máli fyrir sveitarfélagið. Það vekur ákveðinn
áhuga að sjá lyfturnar í gangi og snjó

í brekkunum og einnig munar miklu
að geta haft yngstu krakkana á æfing-
um hér heima en þurfa ekki að keyra
þau langar leiðir,“ segir hann og blæs
á umræðu um óþarfa tilkostnað.

„Framkvæmdirnar hafa vakið
óánægju einhverra, en ef við missum
litlu krakkana verður lítið um að fólk
skíði í framtíðinni. Við viljum byggja
upp á barnastarfinu og að krakkarnir
geti notið útiverunnar með okkur.“

Sigurpáll vonast til að sjá sem flesta
í skíðaskálanum í kvöld og lofar nota-
legu kvöldi. Ekki verði þó blásið til mik-
illa skemmtiatriða. „Nei, og við erum
búin að veita forspökkum félagsins
viðurkenningar svo oft undanfarin ár.
Nú ætlum við bara að þakka velunnur-
um fyrir góðan stuðning og bjóða upp á
kaffi og með því.“

heida@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra fyrir auð-
sýnda samúð og hlýju vegna fráfalls
ástkærrar konu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu, langömmu og
langalangömmu,

Sigríðar Löve

bókasafnsfræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins á
Mörk fyrir einstaka hlýju og vinsemi.

Jón Steingrímsson
Steingrímur Jónsson Guðrún Olga Einarsdóttir
Þóra Jónsdóttir Júlíus Lennart Friðjónsson
Vigdís Löve Jónsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, sonur,
bróðir og afi,

Páll Hersteinsson

prófessor,

lést á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn
13. október sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 21. október kl. 13.00. Blóm og kransar
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Hjartavernd.

Ástríður Pálsdóttir Hersteinn Pálsson
Páll Ragnar Pálsson Margrét Ásgeirsdóttir
Inga Hersteinsdóttir og barnabarn. Elinborg Hákonardóttir
Ragnhildur Kristjánsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Konráð Ragnarsson

frá Hellissandi,

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi sunnudaginn
16. október. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju
föstudaginn 21. október kl. 14.00.

Þórný Axelsdóttir Ragnar Konráðsson
Bylgja Konráðsdóttir Gylfi Freyr Konráðsson
börn og barnabörn. Aðalheiður Aðalsteinsdóttir
Jónas Kristóferðson
Rakel Sveinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Guðbjörg Kristjana

Guðmundsdóttir

Fannafold 3, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn
13. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 26. október kl. 13.00.

Jón Ásgeirsson Kristján Jónsson
Hörður Jónsson Mór Jónsson
Málfríður Jónsdóttir
Þórunn Jónsdóttir barnabörn og barnabarnabörn. Kristjana Sæunn Ólafsdóttir
Ólína Klara Jóhannsdóttir Sveinlaugur Kristjánsson
Hermann Alfreðsson

Alt fínt fyrir jólin



Öll
innimálning
25%
afsláttur*
um land allt
í október

3.999kr/m²
~~4.999kr/m²~~

VIÐ
MÆLUM
MEÐ ☒

Eik Rustic
Fjögurra stafa viðarparket.
146900

BARLINEK

Parket fyrir jólin!

ÖLL LJÓS
25%
afsláttur*
um land allt

15.900
~~21.595~~

VIÐ
MÆLUM
MEÐ ☒

Gólfampi Detroit
Tvö ljós, með birtudeyfí
6010680



4.399kr/m²
~~5.499kr/m²~~

VIÐ
MÆLUM
MEÐ ☒

Eik Rustic
Þriggja stafa viðarparket.
146828

Tarkett



4.799kr/m²
~~5.999kr/m²~~

VIÐ
MÆLUM
MEÐ ☒

Askur hvíttaður
Þriggja stafa viðarparket.
146805


Tarkett



1.590

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

Loftljós Discos
6003250



4.490
~~5.990~~

VIÐ
MÆLUM
MEÐ ☒

Veggljós Nemi
6000540



ALLAR
FLÍSAR
20%
afsláttur*
um land allt

KAUPLÁN
Nánar á husa.is

0%

VAXTALAUST LÁN

Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana



HÚSASMIÐJAN



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Þorvaldína Finnbjarnardóttir

frá Efri-Miðvík í Aðalvík,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík, föstudaginn 14. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. október kl. 15.00.

Helga I. Hermannsdóttir	Jakob Guðmundsson
Jón S. Hermannsson	Sigrún Siggeirsdóttir
Sigríður B. Hermannsdóttir	
Finnbjörn A. Hermannsson	Guðríður Helgadóttir
Hermann Þ. Hermannsson	Guðný Rún Sigurðardóttir
Oddur Þ. Hermannsson	Þóra Þórarinsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.	



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ívar Baldvinsson

Vallargerði 4b, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 11. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hans er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

Ómar Ívarsson	Hildur Alma Björnsdóttir
Baldvin Leifur Ívarsson	Steiney Kristín Ólafsdóttir
Hekla Björk Ívarsdóttir	
Ásgeir Vincent Ívarsson	Amanda Sjöfn Magnúsdóttir
Ásgrímur Hervin Ívarsson	
afa- og langafabörn.	



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vinarbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafið, afa og langafa,

Guðmundar Árnasonar

Holtagerði 14, Kópavogi.

Fyrir hönd fjölskyldunnar, Salóme Gunnlaugsdóttir



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar dóttur og föstur dóttur,

Bjarneyjar Erlu Sigurðardóttur (Baddýjar)

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar LSH fyrir einstakan stuðning og hlýju.

Guðrún Jensdóttir Halldór Steingrímsson



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýbug og hjálpssemi vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður, tengdafið, sonar og afa,

Sigurðar Ásgeirssonar

húsasmíðameistara, Dalhúsum 91, Reykjavík.

Guðrún Björt Zophaníasdóttir	Bjarni Ágúst Sigurðsson
Heiða Lind Sigurðardóttir	Ásgeir Jóhann Ásgeirsson
Hildur Eva Sigurðardóttir	Ólafur Steingrímsson
Aldís Sigríður Sigurðardóttir	
Ásta Fanney Sigurðardóttir	
Ívar Zophanías Sigurðsson	
Ásta Sigurðardóttir og barnabörn.	



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Torfi Sigtryggsson

framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, Faxastíg 6b, Vestmannaeyjum,

lést miðvikudaginn 12. október á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 24. október kl. 13.30.

Hólmfríður Jónsdóttir	
Guðrún Torfadóttir	Tryggvi A. Guðmundsson
Kristinn Már Torfason	Sunna Vilborg Jónsdóttir
Védis Elfa Torfadóttir	Helgi Ingimarsson
Árni Kár Torfason	Eva Hrund Einarsdóttir
og barnabörn.	



Herluf Clausen

fyrirverandi formaður Vörubílstjórafélagsins Þróttar og Landssambands vörubílfreidastjóra,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi laugardaginn 8. október sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 21. október kl. 15.00.

Aðstandendur



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Halldór Bjarnason

Stórakrika 1 A, Mosfellsbæ,

lést föstudaginn 7. október. Útför fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. október kl.15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Styrktarfélag langveikra barna.

Fyrir hönd aðstandenda, Guðjón Pedersen Bjarni Halldórsson Lárus Halldórsson Oddur Örn Halldórsson Kristín Lára Halldórsdóttir Anna Dúna Halldórsdóttir



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðmunda Steinunn Gunnarsdóttir

Árskógum 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför og sendum sérstakar þakkir til Heimahlynningar og starfsfólks líknardeildar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Marsibil Jóna Tómasdóttir	Jens P. Clausen
María Tómasdóttir	
Guðmundur Kr. Tómasson	Elínborg J. Ólafsdóttir
Finnur Tómasson	Hrefna Böðvarsdóttir
og fjölskyldur.	



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, stjúp móður, ömmu og langömmu,

Guðnýjar Ástrúnar

Valdimarsdóttur

handavinnukennara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir hlýja og góða umönnun.

Magnús Þór Aðalsteinsson	Steinunn Brynjarsdóttir
Guðný Aðalsteinsdóttir	
Bryndís Björnsdóttir	Magni S. Sigmarsson
Ásdís Björnsdóttir	Guðni Már Harðarson
Brynjar Steinn Magnússon og langömmubörn.	



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Anný Ástráðsdóttir,

áður til heimilis að Bleikjukvísl 2, Reykjavík,

lést föstudaginn 14. október sl. á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Gigtarfélag Íslands. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á hjúkrunardeild 1B fyrir einstaka umhyggju, alúð og hlýju sem það sýndi henni og okkur öllum.

Pálmi Friðriksson	Sigurður S. Gunnarsson
Erla Pálmadóttir	Björg Jónsdóttir
Pálmi Pálmason	Sigurður Sigurðsson
Greta Marín Pálmadóttir	Óskar M. Tómasson
Auður Pálmadóttir	Hulda E. Björgvinsdóttir
Ómar Þ. Pálmason	
börn, barnabörn og barnabarnabörn.	



Ástkærir foreldrar okkar, tengdforeldrar, amma og afi, langamma og langafi,

Jóhanna Tryggvadóttir og

Jósteynn Helgason

Borgarhlíð 1B Akureyri,

létust 4. og 7. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir færum við starfsfólki í Kjarnalundi og Bakkahlíð fyrir góða umönnun og aðhlynningu.

Hrólfur B. Skúlason	Hallveig Stefánsdóttir
Heiðís B. Valdimarsdóttir	Erik Lanen
Árni Ó. Jósteinsson	Salvör Jósefsdóttir
Helgi R. Jósteinsson	Ingibjörg Ólafsdóttir
Arnar Jósteinsson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Okkar ástkæri

Björn Brynjólfsson

húsasmíðameistari,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 13. október. Útför fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 20. október kl. 13.30.

Sigríður Jónasdóttir og fjölskylda	
Guðrún Þóra Björnsdóttir	Ingibjörg Sigurbergsson
Kristín Lilja Björnsdóttir	Kim Magnús Nielsen
Kristin Hultgren	Lahib Mekrami
Sveinbjörg Þóra Brynjólfssdóttir	Alfred Guðmundsson
og barnabörn.	



Gleraugsalan á Laugavegi 65 efnir til afmælisleiks í tilefni 50 ára afmælis. Leitað er að þyngstu gleraugum landsins. Fólk er hvatt til að koma og láta vigta gleraugin sín. Þeir sem eiga þyngstu gleraugin í barna-, dömu- og herraðlokki fá Silhouette-umgjörð og gler sér að kostnaðarlausu. Þá er einn þátttakandi dreginn út í hverri viku og hlýtur hann sömu verðlaun. Leikurinn stendur til 5. nóvember.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

GLÆSILEGUR HALDARI



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.

Opið á laugardögum 10-14.

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Vertu vinur

teg 100161 - rosaalega mjúkur og þægilegur í B C skálum á kr. 4.600,- flottar buxur í stíl á kr. 1.995,



HEILSUNAMMI FYRIR RÖDDINA

islensk
fjallagrös

GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



Söluðaðir:

10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



Eirberg



**Einnota
latex hanskar**

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Nýtir reynsluna af krabbameini til að hjálpa öðrum og opnar hárgreiðslustofu með alhliða þjónustu.

Hármissirinn er óskaplega erfiður

Ég greindist bara á einu kvöldi," segir Sigríður Einarsdóttir hárgreiðslukona, sem í ágúst 2008 greindist með bráðahvítblæði. „Þetta var mikill skellur. Ég var ófrísk og hafði tengt öll einkennin við óléttuna. Ég þurfti auðvitað að fara í fóstureyðingu og var svo sett í einangrun í heilan mánuð inni á spítala í erfiðri lyfjameðferð. Fljótlega kom svo í ljós að ég þurfti að fara í mergskipti til Svíþjóðar og þangað fór ég í desember 2008 og var þar í meðferð í fjóra mánuði.“ Sigríður, eða Sirrý eins og hún er alltaf kölluð, var svo heppin að bróðir hennar reyndist hæfur merggjafi. „Það eru í rauninni bara 25 prósent líkur á að systkini séu hæfir merggjafar en ég var lánsöm, báðir bræður mínir reyndust koma til greina sem merggjafar fyrir mig.“

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DVÍTAMÍN

frá NOW fyrir börn og fullorðna



Þú færð NOW vörurnar í verslunum um allt land.

Sjá nánar á
www.yggdrasill.is



Gæði • Hreinleiki • Virkni



Tannhvíttun getur lífgað upp á útlitið svo um munar en mikilvægt er að láta skoða tennurnar hjá tannlækni fyrst og er mælt með því að allar skemmdir séu lagaðar áður en meðferð hefst. Blágráar tennur lýsast hægar og verr en gular tennur sem lýsast hratt.

Heilsunudd

Hef hafið störf á ný eftir fæðingarorlof.

Sigurlaug Níelsdóttir heilsunuddari.

Tímarpantanir í síma 578 7077.



Tilboð á nuddi til 16. nóvember 60 mín á 5900 kr. (áður 6900 kr.) 30 mín á 3500 kr (áður 4500 kr.)

COMFORT SNYRTISTOFA
Álfheimar 6 • 104 Reykjavík • www.comfortsnryrtistofa.is

383 KCAL

TACOS
1.340 kr



Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is



Jafnvægi fyrir líkama og sál

heilsu meðferð • heilsuvörur • dekur • leikfimi



Tilboð
grenningar-
meðferð



Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j • Sími 553 8282 • www.heilsudrekkinn.is

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í
síma 567 0300 / 894-2737

Næsta meirapróf byrjar hjá okkur 19. október 2011

Framhald af forsiðu

Sirrý segir mergskiptin hafa verið mjög erfið og aðstæður í fjölskyldunni léttu ekki undir. „Móðir mín greindist með krabbamein í brisi viku áður en ég greindist og allan tímann sem ég var í Svíþjóð var hún mjög veik. Ég var í einangrun fyrsta mánuðinn á sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, en síðan fengum við maðurinn minn íbúð og ég fór bara reglulega á spítalann í eftirlit. Við komum svo heim í maí 2009 og þá er ég áfram í ströngu eftirliti hérna heima. Öll svörun er rosalega góð og mergskiptin virðast hafa heppnast fullkomlega.“

Sirrý segir allt ferlið hafa verið óskaplega erfitt en það hafi komið sér á óvart að það sem kannski hafi skekið hana einna mest hafi verið að missa hárið. „Ég byrjaði strax eftir greininguna í lyfjameðferð og þremur vikum seinna var hárið farið. Ég tók það alveg óskaplega nærri mér. Líf mitt hafði snúist meira og minna um hár í mörg ár og ég var með þykkt og mikið hár sem ég hafði verið að safna. Ég veit það hljómar fáránlega en ég tók hármissinn eiginlega meira nærri mér en greininguna. Eftir á að hyggja er það náttúrulega nokkurs konar lúxusvandamál og í dag er maður bara óendanlega þakklátur fyrir að hafa losnað við sjúkdóminn.“

Þegar Sirrý fór að öðlast orkuna aftur sat það samt í henni hvað hármissirinn hafði verið sár og hún ákvað að nota hárgreiðslumenntunina til að hjálpa öðrum í sömu stöðu. „Þetta byrjaði eiginlega á því að konur í krabbameinsmeðferð fóru að koma til mín og biðja mig um aðstoð þegar þær fóru að missa hárið. Þær voru að koma með kollurnar til mín og láta mig



Sum bætiefni verða öflugri tekin með öðrum en ein og sér. Í bókinni Bætiefnabíblían eftir Earl Mindell segir til dæmis að C-vítamín virki best tekið með kalki, magníumi og bíóflavoníðum, D-vítamín virki best með A-vítamíni, C-vítamíni, kalki, kólíni og fosfór og járn virki best með B12, C-vítamíni, kalki og fosfór.

Heimild: Ný og betri bætiefnabíblía



Stofa Sirrýjar heitir Hár og vellíðan og stendur undir nafni.

klippa þær til og svona og ég ákvað í framhaldi af því að opna stofu þar sem ég gæti þjónustað þennan hóp almennilega. Ég vissi það líka af eigin reynslu að maður treystir fólki mun betur ef það hefur sömu reynslu að baki og maður sjálfur.“

Nú í september varð svo draumurinn að veruleika og Sirrý opnaði stofuna Hár og vellíðan að Smiðsbúð 8 í Garðabæ. Þar býður hún upp á alla almenna hárgreiðsluþjónustu auk þess sem hún hefur til sölu og leigu fjölbreytt úrval af hárkollum. „Viðbrögðin hafa verið svakalega góð og maður heyrir það alls staðar frá hversu mikil þörf var fyrir svona alhliða þjónustu. Ég er auðvitað með almenna hársnyrtiþjónustu líka og legg mikið upp úr því að vera eingöngu með náttúru-

legar vörur. Ég er einmitt nýkomin af námskeiði hjá Aveda þar sem ég lærði hárgreiningar meðferðir sem er alveg nýtt á Íslandi. Hver einasti kúnni sem kemur inn á mína stofu fær höfuðnudd og meðan þær bíða með litinn í hárinu fá þær handanudd. Þetta er svokallað hárspa sem ég mun svo auglýsa betur á heimasíðunni harogvellidan.is.“

Sirrý er einnig komin í samstarf við konu sem býður upp á höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferðir og aðra sem er nuddari og hugmyndin er að Hár og vellíðan verði staður þar sem fólk fær þá þjónustu sem nafn stofunnar felur í sér. „Ég ætla að leggja áherslu á að allt sem þú upplifir á stofunni hjá mér láti þér líða vel,“ segir Sirrý.

fridrikab@frettabladid.is



Ein af hverjum sex konum á í vandræðum með að verða þunguð og ein af hverjum 100 upplifir ítrekuð fósturlát.

Ensím tengt ófrjósemi

Breskir vísindamenn hafa borið kennsl á ensím sem virðist stuðla að ófrjósemi ef það er í of miklu magni í legi konu og fósturláti ef of lítið er af því í leginu.

Í grein sem birtist í Nature Medicine á dögunum segir að konur með óútskýrða ófrjósemi séu með hátt hlutfall ensímsins SGK1 í legi en konur sem upplifa ítrekuð fósturlát séu með lágt hlutfall ensímsins.

Vísindamenn hjá Imperial College London tóku sýni úr legi 106 kvenna sem voru ýmist með óútskýrða ófrjósemi eða höfðu upplifað ítrekuð fósturlát og var augljós munur. Þeir gerðu einnig rannsóknir á músum þar sem frjósemi minnkaði snarlega ef þeim var gefið aukið SGK1 sem gefur til kynna að það þurfi að vera í lágmarki ef þungun á að eiga sér stað. Þegar rannsakendurnir drógu á hinn bóginn úr SGK1 áttu

mýsnar ekki í vandræðum með að verða þungaðar. Fljótlega fór hins vegar að blæða og líkur á fósturláti jukust. SGK1 virðist því þurfa að vera í lágmarki eigi þungun að eiga sér stað en hækka til að hún haldist.

Prófessor Jan Brosens sem leiddi rannsóknina vonast til að í framtíðinni verði hægt að gefa lyf sem blokkera SGK1 hjá konum sem fara í glasameðferð til að auka líkur á þungun. Meðferðin yrði þó að standa stutt svo ensímið nái sér á strik og þungunin haldi áfram. Professor Richard Fleming hjá miðstöð æxlunarfræðilækninga í Glasgow segir niðurstöðurnar lofa góðu. „Að hafa eitthvað jafn skýrt og tiltekið ensím til að vinna með er frábært og nú vitum við hvert við getum beint sjónum okkar.“ Hann segir þó langt í að hægt verði að meðhöndla sjúklinga með fyrrgreindum hætti. „Það er eitt að uppgötva vandamálið og annað að vita hvort hægt sé að leiðrétta það.“

- ve

RAFGEYMAR

& VATNSKASSAR

Kynningarblað Rafmagn, batterí, viðgerðir, þjónusta, ending, verkstæði, eftirlit, umhirða, geymsla.



„Það er stöðug þróun í rafgeymum og alltaf að koma fram eitthvað nýtt,“ segir Kjartan S. Guðjónsson, sölumaður rafgeyma hjá Olís.

MYND: GVA

Rafgeymar í hvað sem er

Olís er einn stærsti söluaðili rafgeyma á Íslandi. Þar er boðið upp á rafgeyma og hleðslutæki í nánast allar hugsanlegar vélar, stórar sem smáar. Ný kynslóð hleðslutækja gerir viðhald rafgeymanna auðveldara.

Olís hefur selt rafgeyma eins lengi og elstu menn muna. Hér á árum áður voru það rafgeymar frá Deta en Exide tók yfir þá framleiðslu og heita rafgeymarnir núna Exide,“ segir Kjartan S. Guðjónsson, sölumaður rafgeyma hjá Olís. „Exide-rafgeymarnir eru þekktir fyrir eindæma gæði en bæði er boðið upp á svokallaða þurrgeyma og venjulega startgeyma. Til viðbótar við þá flóru sem boðið er upp á hjá Olís fyrir bíla eru einnig sérstakir stöðuraufgeymar fyrir vörubíla, báta og vinnuvélar og lyft-

ara en Olís er einn af stærri söluaðilum fyrir lyftararafgeyma.“ „Þar fyrir utan erum við náttúrulega með rafgeyma í nánast allt,“ bætir Kjartan við. „Fyrir utan að selja rafgeyma í allar gerðir af bílum og vinnuvélum erum við með stöðugeyma fyrir sumarbústaði, rafgeyma fyrir hjólastóla, mótorkjól og fellihýsi og svona mætti lengi telja. Svo erum við mjög stór söluaðili rafgeyma fyrir orkuveitur, þannig að það er mikið af sérhæfðum lausnum hjá okkur.“ Kjartan segir miklar tækni fram-

farir hafa orðið í gerð rafgeyma síðustu árin og þá sérstaklega í hleðslutækjum, sem Olís selur að sjálfsögðu líka. „Það er komin ný kynslóð af hleðslutækjum sem byggir rafgeymana upp á annan hátt en þessi hefðbundnu hleðslutæki. Þessi nýju hleðslutæki lesa geyminn þegar þau eru að hlaða hann og fara í gegnum hleðsluferla til að byggja geyminn upp. Þannig er nú fullt af geymum sem hægt er að gera við sem áður hefðu verið ónýtir. Það er stöðug þróun í rafgeymum og alltaf að koma fram

eitthvað nýtt. Þeir líta ósköp svipað út og áður en munurinn liggur í því sem er innan í boxinu. Í nýjustu geymunum eru blýplöturnar rúllaðar upp eins og þéttir og þeir eru miklu fljótari að losa sig við rafmagn í starti og eins miklu fljótari að taka við hleðslu.“

Rafgeymarnir og hleðslutækin eru til á flestum þjónustustöðvum Olís á höfuðborgarsvæðinu og í útibúum um allt land, hjá samstarfsaðilum með smurstöðvar og hjá MAX1 bílavaktinni sem er samstarfsaðili Olís á Íslandi.



VIÐURKENND HÖRKUTÓL

Þýsku Deta lyftararafgeymarnir heita í dag Exide Classic, fyrirtækin voru sameinuð 1997 og nafninu á geymunum breytt fyrir þremur árum. Exide-vörumerkið er yfir 100 ára gamalt. Exide-lyftarageymar eru með fjögurra ára ábyrgð. Exide-rafgeymarnir eru viðurkennd hörkutól, þeir eru sérstaklega gerðir til að þola mikið álag og endingu.

Exide selur allar gerðir og stærðir af lyftarageymum og hleðslutækjum.

Exide-rafgeymar eru framleiddir fyrir nánast allar stærðir og gerðir farartækja.

Exide hefur í yfir 100 ár unnið sér nafn sem einn öflugasti rafgeymaframleiðandi heims.

Með sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækjum með sérhæfðan rafbúnað eykst þörfin fyrir öflugan og umfram allt trausta rafgeyma. Olís býður allar gerðir af hleðslutækjum frá Exide.

Hafið samband við sérfræðingana hjá Olís og fáði nánari upplýsingar um yfirburði Exide-rafgeyma.



ÖRUGGT START MEÐ EXIDE



Eigum á lager mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Exide-rafgeymar eru gæðaframleiðsla og hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður.

Exide-rafgeymar fást á öllum Olís-þjónustustöðvum, og -útibúum um land allt, Olís smurstöðvum og hjá MAX1.



Vinur við veginn



JEPPARAFAUGEYMAR



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FJÖLVARP

Discovery CHANNEL

MYTHBUSTERS

Alla virka daga kl. 18.00

Discovery Channel er fánæg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ



RAFGEYMAR

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA



WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5424.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Meira er að gera hjá Rafgeymasölnunni nú en eftir hrun, einkum í rafgeymadeildinni.

MYND/GVA

Sérfróðir um rafgeyma

Rafgeymasalan selur rafgeyma fyrir allar tegundir farartækja. Þar starfa reynslumiklir menn og er áhersla lögð á fyrirtaks þjónustu.

Rafgeymasalan sérhæfir sig í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir farartækja, svo sem bíla, vinnuvélar og báta. „Eins erum við með geyma í gólfvottavélar, golfbíla, golfkerrur, vinnulyftur og fleira. Auk þess erum við stórir í varaafli fyrir tölvur og UPSa,“ segir Sigfús Tómasson, starfsmaður Rafgeymasölnunnar. Hann segir fólk geta komið og fengið geyminn sinn mældan sér að kostnaðarlausu. „Við álagsprófum hann, athugum hleðslu og setjum í nýjan ef þarf,“ segir Sigfús.

Hann segir meira að gera nú en fyrir hrun og þá sérstaklega í rafgeymadeildinni. „Fólk keypti

sér ekki nýja bíla í tvö til þrjú ár og fleiri þurfa því á viðhaldi að halda.“ Sigfús segir fyrsta rafgeyminn yfirleitt duga í sex til átta ár en rafgeymar í eldri bílum endast í um það bil fjögur.

Rafgeymasalan rekur sögu sína til ársins 1948 þegar Rafgeymir hf. var stofnað við Lækinn í Hafnarfirði. Þar voru framleiddir KENTAR-rafgeymar og var vinnan fólgin í því að búa til rafgeyma frá grunni, eins nærri því og komist var. „Á þessum árum var innflutningsbann á rafgeymum eins og fleiri vörum sem menn álitu að hægt væri að framleiða hér á landi. Í kringum 1970 voru þessi höft afnumin og menn fóru

að huga að innflutningi á erlendum rafgeymum. Enn má sjá rafgeymi sem var framleiddur hér á landi hjá Rafgeymasölnunni en í dag flytur fyrirtækið aðallega inn geyma frá þýska framleiðandanum Berga.“

Árið 1982 keypti Ármann Sigurðsson, núverandi eigandi, rekstur Rafgeymis hf. en hann hafði starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 1957. Hann gaf því nafnið Rafgeymasalan ehf. og hefur það verið rekið undir því nafni síðan. Árið 1998 flutti fyrirtækið í núverandi húsnæði að Dalshrauni 17. Þar starfa þrír starfsmenn, aðstaðan er til fyrirmyndar og er rík áhersla lögð á fyrirtaks þjónustu.

Umhirða og eftirlit tryggir betri endingu

N1 veitir rafgeymaþjónustu að Funahöfða 13. Þar er meðal annars hægt að fá ráðgjöf við val á geymum og hleðslutækjum. Ásgeir Örn Rúnarsson hjá N1 veit allt um málið.

Ásgeir Örn Rúnarsson, þjónustustjóri hjá N1, segir að með réttu vali, skynsamlegri notkun og góðri umhirðu sé hægt að tryggja að rafgeymar endist betur en ella. Slíkt dragi þar með úr rekstrarkostnaði.

„Í fyrsta lagi skiptir máli að velja rétta gerð, annaðhvort startgeymi eða neyslugeymi og svo stærð. Fólk á að byrja að velja sér geyminn út frá tveimur meginþáttum, annars vegar orkunni sem á að nota og tímanum sem orkan er notuð og hins vegar orkunni sem hleður geyminn og tímanum sem hleðslan getur farið fram,“ útskýrir Ásgeir og kemur inn á nokkra þætti sem skipta máli í umhirðu.

„Til að tryggja betri endingu rafgeyma verður að huga að nokkrum atriðum. Þess verður að gæta að þeir verði ekki fyrir verulegu hnjaski eða skemmdum. Svo verður að velja rétta gerð hleðslutækis og í viðeigandi stærð, ekki of lítið eða stórt miðað við rafgeyminn. Of lítil eða mikil hleðsla getur sett strík í reikninginn og líka lítil notkun á rafgeymi. Þá verður að passa upp á sýru- og vökvamagn en vanti vökva á geymi hefur hann annaðhvort lekið eða verið ofhlaðinn sem getur gerst þegar hleðslukerfið bilar og spennan (Volt) er of há í lengri tíma.“



N1 er umboðsaðili fyrir viðurkennd merki, Bosch, Banner og Varta.

MYND/GVA

Rafgeymar í ökutækjum sem notuð eru sjaldan eða stuttar vegalengdir í einu geta þurft á utanaðkomandi hleðslu að halda. Þá kemur sér vel að eiga viðhaldshleðslutæki sem brugðið er á rafgeyminn í skemmmi eða lengri tíma.

Að sögn Ásgeirs er mikilvægt að huga að hleðslu og sýrustigi nú þegar tekið er að kólna í veðri, bein tenging sé milli spennu geymis og sýrustigs. „Rafgeymar missa frostþol verulega ef sýrustig fellur niður. Dæmi eru um að fullhlaðinn geymir poli allt að mínus 70 gráður á Cel-

síus en afhlaðinn polir kannski bara mínus tvær til þrjár gráður áður en hann fer að skemmast.“

Til að ganga úr skugga um að ofangreindir þættir séu í lagi segir Ásgeir tilvalið að fara reglulega með rafgeyma í ástandsskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila. „N1 veitir rafgeymaþjónustu að Funahöfða 13. Þar ráðleggjum við til dæmis við val á geymum og hleðslutækjum,“ segir hann og getur þess að N1hafi umboð fyrir eftirtalin vörumerki í rafgeymum: Bosch, Banner og Varta.



Hjá Gretti Vatnskösum er gert við vatnskassa eftir því sem hægt er, en fyrirtækið flytur einnig inn vatnskassa, bensíntanka, olíukæla og eitthvað af „intercooler-um“. Hér eru Helgi og Margrét ásamt föður sínum Ingibergi. MYND/GVA

Sannkallað fjölskyldufyrirtæki

Fyrirtækið Grettir Vatnskassar að Vagnhöfða 6 býður upp á viðgerðir og sölu á vatnskösum af öllum stærðum og gerðum. Systkinin Margrét og Helgi Ingibergsbörn kunna fag sitt vel enda ólust þau upp í kringum bíla og varahluti og fylgdu föður sínum Ingibergi í vinnuna frá unga aldri.

